

49 að framfylgja slíkum lögum sem þessum með opinberri ákæru til hegningar, 11. apríl enda mundi framfylgdin þá mæta margskonar hindrunum.

Af þessum ástæðum hefir ráðaneytið í allraþegnsamlegum tillögum sínum um málið lagt það til, að frumvarpinu yrði synjað allrahæstrar staðfestingar; hefir hans bátign konunginum 3. þ. m. allramildilegast þóknast að fallast á tillögu þessa.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar í B-deild Stjórnartíðindanna ásamt áðurnefndu brjefi yðar.

Brjef landshöfðingja.

Alþingi, sem saman kom í ár, hefir eptir löglegan undirbúning samþykkt lagafrumvarp um greiðslu verkkaups, sem borið hafði verið upp af þingmanna hálfu, og jeg hjermeð leyfi mjer að senda bæði í þeim búningi, er það kom í frá þinginu, og í danskri þýðingu.

Við umræðurnar á alþingi um nefnt lagafrumvarp var það tekið fram frumvarpinu til stuðnings, að það sje orðin föst venja, að kaupmenn, þilskipaútgerðarmenn og aðrir meiriháttar atvinnuveitendur eigi greiddu starfsmönnum og daglaunamönnum, sem þeir hefðu í vinnu, umsamíð verkkaup þeirra í peningum, heldur í vörum, og að þeir væri eigi taldir skyldir til að greiða verkkaup á annan hátt, jafnvel þótt viðkomandi starfsmaður eða daglaunamaður eigi væri vinnuveitanda skuldugur fyrir lánaðar vörur eða aðra fyrirframborgun. Slíkur gjaldmáti er miklu óhagkvæmari fyrir verkmennt en peningagreiðsla, því að vörur eru ávalt seldar miklu ódýrara gegn peningaborgun, heldur en þegar þær eru lánaðar, eða þær eru borgaðar með öðrum vörum eða með vinnu. Tilgangur framangreinds lagafrumvarps er því að koma af hinni umgetnu venju, og ákveða að starfsmenn og daglaunamenn ávalt eigi rjett á að krefja að verkkaup þeirra sje greitt í peningum, nema gerður sje sjerstaklega annar samningur.

Lagafrumvarp það, er hjer ræðir um, mun samkvæmt því, sem tekið er fram að framan, ef það verður gert að lögum, eigi gera neina gagngerða breyting í þessu atriði nje fyllilega veita verkönnum hina tilætluðu vernd gegn vinnuveitendum, er optast mun vera innan handar að fá sjerstakan samning gjörðan við verkmenntina sjer í hag, en það er þó ekki ólíklegt, að frumvarpið stöku sinnum, einkum þegar mikil eptirspurn er eptir verkönnum, kynni að koma að nokkru gagni. Því mundi vera ástæða til að leggja það til, að frumvarpið mætti öðlast allrahæsta staðfesting.

50 **Brjef ráðgjafans fyrir Island til landshöfðingja um toll af strönd-**
20. apríl **uðum vörum** — Með brjefi, dags. 12. febr. þ. á., hafíð þjer, herra landshöfðingi, sent hingað brjef amtannsins yfir Suðuramtinu og Vesturamtinu viðvíkjandi ýmsum kvörtunum, er fram hafa komið af hálfu Frakka um meðferð á skipströndum á Íslandi. Tjáíð þjer yður samdóma því, sem amtmaðurinn hefir tekið fram í nefndu brjefi. Ráðaneytið verður og að vera þeirrar skoðunar, að eigi sje heimiluð hvorki í lögum um skipströnd 14. janúar 1876, 16. gr., nje í tilskipun um gjald á brennivíni m. m. 26. febr. 1872, 7. gr., aðferð sú, sem hingað til hefir verið fylgt samkvæmt brjefi Finsens landshöfðingja 8. apríl 1876, að telja alla hina strönduðu muni vera að veði fyrir fullu tollgjaldi af tollskyldum vörum strönduðum. Því eruð þjer umbeðinn að leggja fyrir alla lögreglustjórana að gæta þess, að, þegar svo stendur á, að eigandi ekki óskar að strandaðar

tollskyldar vörur sjeu sjer afhentar gegn því að hann greiði tollinn, þá skuli **50**
fyrst reyna að selja vörur þessar þannig, að kaupandi greiði fullt aðflutnings- 20. apríl
gjald eptir lögunum, en verði vörunum eigi komið út með þeim kjörum, þá skal
bjóða þær upp án þessa skilyrðis, og taka svo mikið af gjaldinu sem fæst
af andvirði varanna, og má eigi heimta það, sem vanta kann á aðflutningsgjald-
ið, greitt af hinum öðrum strandmunum.

Að því er snertir hinar aðrar kærur af hálfu hinna frakknesku stjórn-
arvalda um þetta efni, þá sjer ráðaneytið eigi ástæðu til að gera neitt frekara
eptir að fengnar eru þær skýringar, er brjef amtsins inniheldur.

Þó skal það tekið fram, sem hjer segir. Í brjefi Havsteens amtmanns
er því haldið fram, að eptir gildandi reglum sjeu ferðir lögreglustjóra til strands
eingöngu gjörðar vegna strandmanna. Ráðaneytið getur eigi fallizt á þennan
skilning á ákvæðum strandlaganna, því að, eins og sjá má af 3., 4. og 11. gr.
1. málslíð laganna, bera þau með sjer að nauðsyn getur verið á því að lög-
reglustjóri sje viðstaddur einnig vegna gózins. Þó er það í hvert skipti undir
honum sjálfum komið, hvort hann fer til strands gózins vegna, og verður ráða-
neytið sökum þess kostnaðar, sem ferðin hefir í för með sjer, að telja það rjett
að hann eigi takist slíka ferð á hendur nema sjerleg þörf sje til.

Brjef landshöfðingja til bæjarfógetans í Reykjavík um neitun á 51
endurgreiðslu á útflutningsgjaldi — Í brjefi, dagsettu 11. f. m., hafið 7. maí
þjer, herra bæjarfógeti, látið uppi álit yðar um erindi nokkurt frá verzlunar-
stjóra Ólafi Ámundasyni, þar sem hann fer þess á leit, að I. P. T. Brydes-
verzlun verði endurgoldið útflutningsgjald af 49,649 pd. af saltfiski, er tvíborg-
að hafi verið.

Með vottorði afgreiðslumanns hins sameinaða gufuskipafjelags, konsúlar-
agents C. Zimsens, virðist sannað, að hingað hafi verið flutt aptur inn, til I. P.
T. Brydes-verzlunar hjer, frá Skotlandi með gufuskipinu »Tejo« 24 tons 16 ctw.
1 Qw., — sem svarar hjer um bil til 49649 danskra punda — af saltfiski
(löngu), sem skömmu áður hafði verið fluttur út hjeðan með gufuskipinu »Ceres«
til Leith. Ennfremur má eptir atvikum taka gilda skýrslu nefnds verzlunar-
stjóra um það, að þessi sami fiskur hafi verið fluttur aptur út hjeðan með gufu-
skipinu »Moss«, og hefir þá verið borgað útflutningsgjald af honum bæði þá er
hann fluttist út með »Ceres«, og einnig er hann fluttist út með »Moss«.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar
fyrir hlutaðeiganda, að með því að útflutningsgjald ber að greiða af öllum gjald-
skyldum fiskiföngum, er flutt eru út á skipum, er afgreidd eru hjeðan frá landi
til útlanda, og með því að engin heimild er til að endurgreiða rjettilega heimt
útflutningsgjald, hvað sem um vöruna verður, getur ofannefnt erindi ekki orðið
tekið til greina, sbr. landshöfðingjabrjef 20. febr. 1885 (Stjtið. 1885, B. bls. 28)
og 15. ágúst 1890 (Stjtið. 1890, B. bls. 92).